

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1999

Nr. 487

1556

22. júlí 1999

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 396/1999 um takmörkun á innflutningi tiltekinnar matvæla frá Belgíu

1. gr.

1. gr. hljóði svo:

Auglýsing þessi gildir um innflutning frá Belgíu á eggjum, eggjavörum öðrum en eggjahvítu og kjöti og kjötvörum. Hún gildir einnig um innflutning á próteini og fitu sem unnin er úr framangreindum hráefnum og innflutning á unnum matvörum sem innihalda sömu hráefni og þar sem magn dýrafítu er meira en 2%. Auglýsingin gildir þó ekki um unnar vörur sem sannanlega innihalda 2% eða minna af eggjum eða 2% eða minna af eggjavörum sem innihalda 10% eða minna af fitu úr eggjum.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði í samræmi við ákvæði ákvörðunar Evrópusambandsins nr. 1999/449/EB og viðauka þeirrar ákvörðunar. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð er innflutningur vörunnar ekki heimill.

3. gr.

Undanþáguákvæði í 2. mgr. 4. gr. auglýsingarinnar fyrir unnin matvæli þar sem mjólk eða mjólkurvörur eru eitt af hráefnunum fellur burt.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með hliðsjón af ákvörðun Evrópusambandsins nr. 1999/449/EB um varnaraðgerðir vegna díoxínmengunar tiltekinnar dýraafurða, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið vegna eftirlitsskyldu embættis yfirdýralæknis.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.